

Mál nr. 338/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. september 2024, ásamt fylgiskjöllum.
2. Tölvupóstur V, dags. 8. nóvember 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 12. nóvember 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu var bifreiðinni A, sem er í eigu fyrirtækisins M, ekið út af Grafningsvegi við Klettagil hinn 18. febrúar 2024. Á vettvangi var myrkur, skýjað og rigning. Kvaðst X, ökumaður A, hafa misst stjórn á bifreiðinni og hafnað utan vegar. Reyndist X vera undir áhrifum áfengis. Samkvæmt niðurstöðu Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræðum var vínandamagn í blóði X frá 0.21‰ til 0.43‰. Í þvagsýni reyndist vínandamagn vera 0.75‰. Fram kemur í gögnum málsins að M hafi vegna tjónsins, gert kröfu um bætur úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað með vísan til þess að ökumaður hafi fyrir slysið neytt áfengis og þar með gerst brotlegur við 49. gr. umferðarlaga og skilmála kaskótryggingar.

M gerir athugasemd við hugtakanotkun V og þá fullyrðingu að niðurstaða blóðrannsóknar sýni að ökumaður hafi verið óhæfur til að stjórna ökutæki með öruggum hætti. Niðurstaða blóðrannsóknar bendi til þess að vínandamagn í blóði hafi verið á því bili sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Ljóst sé að megin orsök slyssins verði rakin til þess að um var að ræða ungan og óreyndan ökumann, rúmlega 18 ára, ókunnugan aðstæðum, sem því miður mat erfiðar aðstæður á vettvangi ranglega. Slysið hafi orðið aðfaranótt sunnudagsins 18. febrúar 2024, í myrkri, í rigningu, þar sem snjór var að hluta yfir landslagi og að öllum líkindum launhálka, þegar bifreiðin kom úr krappri hægri beygju niður halla í átt að vegriði sem girti af gil sem var á hægri hönd. Ökumaður hafi fyrst neytt áfengis þegar í sumarbústað var komið, án vitneskju móður sinnar eða afa sem var eigandi bifreiðarinnar. Ekkert í gögnum lögreglu styðji ályktun V sem liggja til grundvallar synjun á bótaskyldu.

Í tölvupósti V til nefndarinnar er vísað til váttryggingarskilmála kaskótryggingar og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Að mati V sé það hafið yfir allan vafa að háttsemi X í aðdraganda áreksturs verði að telja sem stórfellt gáleysi sem leiði til þess að bótaréttur úr kaskótryggingu falli niður. Þá er í tölvupósti V fjallað um fyrirhugaða niðurfellingu á bótarétti úr slysatryggingu ökumanns og eiganda og endurkröfurétt V.

Í viðbótarathugasemdum sínum gerir lögmaður M athugasemd við það að umsögn V sé byggð á allt öðrum grundvelli en sú ákvörðun V sem varð tilefni málskots þessa. Það sæti furðu. Þá sé í umsögn V í fyrsta sinn teft fram annarri og nýrri röksemd þar sem vísað er til greinar 26.1. í skilmála kaskótryggingar þar sem fjallað er um háttsemi annarra en váttryggðs þ.e. samsömun. Um sé að ræða heimildarákvæði, ekki skylduákvæði. Hvað varðar umfjöllun V um slysatryggingu ökumanns og eiganda kveðst lögmaður M ekki gæta hagsmuna X, ökumanns A, umrætt sinn og hafi ekkert umboð eða heimild til að koma fram fyrir hönd hans, hvað þá að móttaka tilkynningar sem beint sé til ökumanns.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um það hvort V sé heimilt að skerða bætur til M úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A að fullu á grundvelli þeirrar háttsemi ökumanns bifreiðarinnar, X, að hafa ekið undir áhrifum áfengis aðfaranótt 18. febrúar 2024.

Í 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið váttryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skuli líta

til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Kemur þá til skoðunar hvort X hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 má enginn stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum áfengis. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar telst ökumaður ekki geta stjórnað ökutæki örugglega ef vínandamagn í blóði hans nemur 0,20‰, en er minna en 1,20‰, eða magn vínanda í lofti sem hann andar frá sér nemur 0,1 milligrammi í lítra lofti, en er minna en 0,60 milligrömm. Ekki er um það deilt að X hafi verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn. Samkvæmt niðurstöðu Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræðum var vínandamagn í blóði X frá 0.21‰ til 0.43‰. Í þvagsýni reyndist vínandamagn vera 0.75‰. Með háttsemi sinni umrætt sinn braut ökumaður þannig gegn 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Í skýrslu lögreglu er haft eftir honum að ekkert hafi truflað hann við aksturinn nema kannski að hann hafi verið búinn að drekka áfengi um kvöldið. X tengir sjálfur áfengisneyslu sína við útafaksturinn. Á slysdegi var X eingöngu 18 ára gamall og hafði haft ökuréttindi í rétt tæplega eitt ár. Hann ók eftir Grafningsvegi sem á leið sinni í gleðskap í myrkri og erfiðum vetraraðstæðum undir áhrifum áfengis. Með þeirri háttsemi sinni hefur X að mati nefndarinnar sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og hefur sú háttsemi leitt til tjónsins. Samkvæmt framansögðu er V heimilt að skerða bætur úr kaskótryggingu A og telst slík skerðing hæfileg að 2/3 hlutum þannig að M fái 1/3 hluta tjóns síns bætt.

Að lokum telur nefndin ástæðu til að taka undir athugasemdir lögmanns M varðandi það að V noti umsögn sína við málskot M sem vettvang til að tilkynna um fyrirhugaða höfnun bóta úr slysátryggingu ökumanns. Umsögn V vegna málskots sem varðar kaskótryggingu ökutækis er hvorki heppilegur né réttmætur vettvangur fyrir slíkar tilkynningar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu A, en heimilt er að skerða bætur til þess um 2/3 hluta.

Reykjavík, 10. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir